

Pirfenidone (Pirferdone axunio®)

Lyfjameðferð vegna lungnatrefjunar

Lyfið pirfenidone (Pirferdone axunio®) er notað við lungnatrefjun (idiopathic pulmonary fibrosis, IPF) hjá fullorðnum. Pirfenidone léttir öndun með því að draga úr örmyndun og þrota í lungunum.

Töflur með lyfinu þarf að gleypa í heilu lagi með vatni og taka með mat til að draga úr aukaverkunum. Lyfið er tekið í hækkandi skömmtum þar til réttum skammti er náð.

	Morgunn	Hádeggi	Kvöld
Vika 1	Ein tafla (267 mg)	Ein tafla (267 mg)	Ein tafla (267 mg)
Vika 2	Tvær töflur (534 mg)	Tvær töflur (534 mg)	Tvær töflur (534 mg)
Vika 3	Þrjár töflur (801 mg)	Þrjár töflur (801 mg)	Þrjár töflur (801 mg)

Aukaverkanir

Helstu aukaverkanir við töku á pirfenidone eru frá meltingarvegi svo sem:

- Ógleði
- Uppþemba
- Kviðverkir
- Brjóstsviði
- Niðurgangur eða hægðatregða
- Lystarleysi

Mikilvægt er að taka pirfenidone með mat til að draga úr hættu á aukaverkunum. Gleypa þarf töflurnar heilar. Ekki má brjóta, tyggja eða mylja töflurnar.

Lifrarpróf

Mikilvægt er að fylgjast með starfsemi lifrar vegna hættu á lifrarskaða. Fara þarf í blóðrannsókn á 4-6 vikna fresti fyrstu sex mánuðina eftir að lyfjameðferð hefst og síðan á 3-6 mánaða fresti.

Sól og notkun ljósabekkja

Forðast þarf sólþöð og notkun ljósabekkja vegna aukinnar hættu á sólbruna. Nota þarf:

- Sólarvörn á óvarða húð með bæði UVB- og UVA vörn, 50 eða meira.
- Sólarvörn daglega frá því í apríl og fram í október, einnig þó það sé skýjað.
- Föt sem verja húð svo sem langerma skyrtur, síðbuxur, sólgleraugu og hatt með skyggni til verja andlit og eyru. Gott er að athuga leiðbeiningar með fatnaði um hversu mikla sólarvörn þau veita.

Næring, vökvi og hreyfing

- Mikilvægt er að borða reglulega og drekka 1,5-2 lítra af vökva á dag. Oft er betra að borða oft og minni máltíðir í einu.
- Forðast þarf feitan, mikið kryddaðan eða sætan mat. Mjólk, kaffi og áfengi geta aukið niðurgang.
- Ráðlagt er að vigta sig vikulega og láta hjúkrunarfræðing vita ef þyngdartap er meira en tvö kg á viku.
- Mælt með daglegri hreyfingu í að minnsta kosti 30 mínútur á dag.

Bólusetningar

Mælt er með að láta bólusetja sig við influensu og lungnabólgu og einnig er gott að láta yfirfara aðrar bólusetningar á þinni heilsugæslustöð eftir því sem við á.

Eftirlit

Hjúkrunarfræðingur göngudeildar A3 verður í reglulegu sambandi. Hægt er að hafa samband við hjúkrunarfræðinga teymisins í síma 543 6040 milli klukkan 08:00 og 16:00 alla virka daga. Erindum er svarað samdægurs eða næsta virka dag.

Hafðu samband við göngudeild A3 eða leitaðu á bráðamóttöku ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Gul húð eða augu
- Svartar eða blóðugar hægðir
- Sýkingar
- Erfiðleikar við öndun
- Þyngdartap er meira en tvö kíló á einni viku

Í neyðartilfellum er hringt í 112

Frekari upplýsingar

- Fræðsluefni um lungntrefjun:
[getfile.aspx](#)
- Sérlyfjaskrá:
https://www.ema.europa.eu/is/documents/product-information/pirfenidone-axunio-epar-product-information_is.pdf